

## REGLUGERÐ

### um þjóðernis- og skrásetningarmarki íslenzkra loftfara.

#### 1. gr.

Þjóðernis- og skrásetningarmarki skal vera á hverju loftfari skráð með bókstöfum.

Þjóðernismerkið, sem er stafirnir TF, skal standa á undan skrásetningarmarkinu og skal skilið á milli með bandstriki.

Skrásetningarmarki loftfara, skal vera stafasamstæða þriggja bókstafa, sem eru einkennandi fyrir aðeins eitt loftfar, sem hefur þá skráða í skrásetningarskírteini sitt.

Eigi skal nota stafina D, Q, W, P, Æ og Ö í skrásetningarmarki. Þá skal ekki nota samstæðurnar SOS, PAN og TTT.

#### 2. gr.

Þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal ætíð vera um borð í loftfarinu.

Á sérhverju loftfari skal vera málmplata úr eldtraustu efni, þar sem þjóðernis- og skrásetningarstafir þess eru skráðir, og skal plötunni komið fyrir sem næst aðaldyrum loftfarsins.

Stafirnir mega vera greyptir í plötuna.

#### 3. gr.

Þjóðernis- og skrásetningarstafir skulu málaðir eða settir á loftfarið á annan öruggan hátt, þannig að skýrt og greinilega sjáist. Þeim skal ætíð vel við haldið, og komið fyrir sem hér segir:

Þeir skulu vera á neðra borði vinstra vængs, en einnig má skipta þeim á neðra borð beggja vængja. Eftir því sem mögulegt er, skal staðsetning þeirra vera þannig, að jafnt bil sé frá stöfunum að fremri og aftari brún vængs. Efri hluti stafanna skal snúa að fremri vængbrún.

Stafirnir skulu einnig standa á báðum hliðum skrokks, milli vængja og stéls, eða á efri helmingi stélkambs.

Hafi loftfarið fleiri en einn stélkamb, skulu stafirnir standa á þeim hliðum, er út snúa.

Hafi loftfarið ekki vængi eða skrokk og stélfleti, skal einkennunum komið fyrir á þeim stað og á þann hátt, að þau séu vel sjáanleg.

#### 4. gr.

Þjóðernis- og skrásetningarstafirnir í hverri samstæðu skulu vera af sömu stærð.

Hæð stafa á vængjum skal vera a. m. k. 50 cm, en á skrokki og stélkambi a. m. k. 30 cm.

Stafirnir skulu vera bókstafir og gerð sú sama og stórra stafa í íslenzku stafrófi.

Þeir skulu vera án skreytinga eða útflúrs.

Breidd stafanna skal að jafnaði vera tveir þriðju hlutar hæðarinnar. Hver stafur skal vera gerður í einu lagi. Hann skal skera sig mjög vel úr grunninum. Breidd striksins, er myndar stafinn, skal vera sem næst einn sjötti hluti hæðarinnar. Sérhver stafur skal aðskilinn frá því sem á undan og eftir er, með a. m. k. einum fjórða af breidd hvers stafs.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. og 23. gr., sbr. 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1967.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 147.

## MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN

Ársreikningur 1964, 1965 og 1966.

Höfuðstóll:

Eign frá 1963 skv. birtum reikningi .....	kr. 1 167.16
Aukning af sparisjóðsinnstæðu .....	— 249.18
	<hr/>
	Kr. 1 416.34
Tekjur:	
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 249.18
	<hr/>
	Kr. 249.18
Gjöld:	
Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 249.18
	<hr/>
	Kr. 249.18

*Forsætisráðuneytið, 17. febrúar 1967.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Sigurður Briem.*

Nr. 148.

## REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar,  
arkitekts, tímabilið 31. maí 1964 til 17. febrúar 1967.

Eignir:

Hálft húsið Hagamelur 21, Rvík, fasteignamat .....	kr. 141 250.00
Sparisjóðsinnst. í Búnaðarbankanum pr. 30. maí 1964	kr. 77 431.98
Tekjur umfram gjöld á reikningstímabilinu, lagðar í sparisjóðsbók .....	— 90 570.86
	<hr/>
	— 168 002.84
	<hr/>
	Kr. 309 252.84